

## GJALDSKRÁ

**fyrir Reykhólahöfn.**

I. KAFLI

**Gildissvið.**

1. gr.

Gjaldskrá þessi gildir fyrir Reykhólahöfn, sem er í eigu Reykhólarepps.

II. KAFLI

**Um hafnagjöld.**

2. gr.

Við ákvörðun hafnagjalfa samkvæmt stærð skipa skal miða við brúttótonnatölum (brt) skipa samkvæmt alþjóðlegu mælibréfi, sem gefið er út eftir ákvæðum alþjóðasamþykktarinnar um mælingu skipa frá 1969.

3. gr.

Af öllum skipum skal greiða hafnagjöld til hafnarsjóðs ef þau koma inn fyrir takmörk hafnarinnar og njóta þjónustu hennar.

4. gr.

*Lestargjöld.*

Af öllum skipum skal greiða lestargjald, kr. 14 á mælieiningu skv. 2. gr. en þó ekki oftar en tvísvar í mánuði. Undanþegin greiðslu lestargalds eru varðskip og skip sem eru gerð út til vísindalegra rannsókna, svo og skip sem leita hafnar vegna sjóskaða eða til að láta í land sjúka menn eða látna, svo fremi þau hljóti ekki aðra þjónustu.

5. gr.

*Bryggjugjöld.*

Af öllum skipum sem leggjast við bryggju eða hafnarkakka skal greiða kr. 5 á mælieiningu skv. 2. gr. fyrir hverja byrjaða 24 tíma sem skipið liggar bundið. Fiskiskip greiða þetta gjald eigi oftar en 26 sinnum í mánuði. Heimilt er að taka lestar- og bryggjugjald af fiskiskipum og minni bátum, sem mánaðargjald, kr. 78 á mælieiningu, en þó aldrei lægra en kr. 8.765 á mánuði. Bátar minni en 20 brt greiði þó aldrei lægra en kr. 5.800 á mánuði. Frístundabátar minni en 10 brt greiði lágmarksgjald 1.451 kr. fyrir hálfan mánuð en kr. 2.901 fyrir mánuð. Skip samkvæmt 2. mgr. 4. gr. eru undanþegin bryggjugjaldi.

6. gr.

Vörugjald skal greiða af öllum vörum sem fluttar eru af skipsfjöl á land eða úr landi á skipsfjöl, eða úr einu skipi í annað, innan takmarka hafnarinnar, þó með þeim undantekningum er síðar getur.

7. gr.

Fyrir vörur sem samkvæmt farmskrá skips eru ákveðnar til annarrar hafnar, innlendar eða erlendar, en eru látnar á land um stundarsakir, skal aðeins greitt vörugjald þegar vörurnar eru fluttar í land.

Undanþegnar þessu gjaldi eru vörur sem látnar eru á land um stundarsakir vegna skemmda á skipi.

8. gr.

Af vörum sem fluttar eru á skip og fara eiga til annarra hafna innanlands greiðist hálf vörugjald. Af vörum sem fara eiga til útlanda en umskipað er í innlendri höfn skal greiða fullt vörugjald í fyrstu lestunarhöfn.

## 9. gr.

Þessar vörur eru algjörlega undanþegnar vörugjaldi:

- Umbúðir sem endursendar eru.
- Kol, olía, vistir og aðrar nauðsynjar skipa til eigin notkunar.
- Almennar póstsendingar og farangur ferðamanna.
- Úrgangur sem fluttur er til eyðingar.

## 10. gr.

Vörugjald skal reikna eftir þyngd eða verðmæti, með umbúðum og af hverri sendingu sérstaklega.

Fara skal eftir farmskrá skipa við útreikning vörugjalds. Skipstjóra eða afgreiðslumanni skips er skylt að láta gjaldkera hafnarinnar í té afrit af farmskrá. Sé engri farmskrá til að dreifa skal skipstjóri gefa drengskaparvottorð um vörumagn sem fermt hefur verið eða affermt úr skipi hans. Þyki hafnarstjóra ástæða til getur hann hvenær sem er látið ákveða vörumagnið á þann hátt sem hann telur hentugast. Reynist vörumagnið vera meira en upp er gefið greiðir farmeigandi kostnaðinn. Séu fleiri en ein vörutegund í sendingu ósundurliðað skal reikna vörugjaldið eftir þeirri tegund sem hæst gjald skal greiða af.

## 11. gr.

Vörur skal flokka til vörugjalds eftir því sem vörugjaldskrá tiltekur og gjaldið greiðist eins og þar segir:

## Vörugjaldskrá.

- Gjald kr. 145 fyrir hvert tonn: Bensín, brennsluolíur, kol, laust korn, salt, vikur, kísilgúr, þang og þari, cement, áburður og úrgangur sem fluttur er til endurvinnslu.
  - Gjald kr. 234 fyrir hvert tonn: Lýsis-, fiski- og þaramjöl.
  - Gjald kr. 483 fyrir hvert tonn:
    - Pungavarningur, svo sem sekkjavörur, óunnið járn og stál, útgerðarvörur, hráefni til iðnaðar og byggingaframkvæmda smurningsolíur, sjávarafurðir sem og landbúnaðarafurðir
    - Pökkuð og niðursoðin matvæli, óáfengar drykkjarvörur og ávextir. Vélar og tæki hvers konar og varahlutir til þeirra, svo sem heimilis- og skrifstofuvélar, bifreiðar, bifhjól, reiðhjól, hjólbardar, bátar, flugvélar, hreyflar, mælitæki, húsþúnaður, vefnaðarvara og fatnáður. Útvarps- og sjónvarpstæki, hljóðfæri, úr, klukkur, myndavélar, sjónaukar, glysvarningur alls konar, vín, tóbak, sælgæti, snyrtivörur og lyf.
    - Vörur sem ekki verða flokkaðar annars staðar eftir þyngd. Af flutningi vinnutækja innanlands skal veita allt að 50% afslátt. Vörugjald greiðist ekki af bifreiðum ferðamanna, enda ferðast eigendur með sama skipi.
  - Gjald 1,60%: Sjávaraflí lagður á land eða í skip á hafnarsvæðinu til vinnslu eða brottflutnings, þ.m.t. fiskur og seiði úr eldiskvíum. Gjaldið reiknast af heildarverðmæti aflans. Gjald af frystum afla frystitogara og eldisfiski reiknast af helmingi heildarverðmætis. Gjald af saltfiski reiknast miðað við tvöfalda þyngd og gjald af gámafiski reiknast af áætluðu heildarverði.
- Kaupanda aflans ber að afhenda hafnarstjóra skýrslu um keyptan afla mánaðarlega, t.d. afrit af aflaskýrslu til Fiskistofu. Aflagjaldið fellur í gjalddaga um leið og afla er landað. Kaupandi aflans innheimtir gjaldið hjá seljanda og er ábyrgur fyrir því til hafnarsjóðs þótt hann vanræki innheimtu þess. Standa ber skil á greiðslu aflagjalds eigi sjaldnar en mánaðarlega. Hámarksgjald samkvæmt lið þessum er 4.790 kr. fyrir hvert tonn.

## 12. gr.

## Vigtargjald.

Vigtargjald kr. 258 pr. tonn, lágmarksvigtun kr. 469 pr. tonn.

Útkall vigtarmanns kr. 14.627.

Yfirvinna kr. 3.657 pr. klst. frá kl. 17.00 – 8.00 alla virka daga og alla vigtun um helgar.

## 13. gr.

*Farþegagjald.*

Heimilt er að taka farþegagjald við komu og brottför fyrir hvern fullorðinn farþega og hálft gjald fyrir hvert barn sem fer um höfnina aðra en farþega ferja og flóabáta sem njóta styrks samkvæmt vegalögum. Hafnarstjórн ákveður gjöld fyrir aðra þjónustu hafnarinnar samkvæmt gildandi lögum og reglugerðum.

## 14. gr.

*Sorpeyðing.*

Gjald fyrir sorpeyðingu reiknast miðað við brúttótonnatölü skipa og báta og er eftirfarandi:

0-10 brt kr. 1.407 pr./mán.

11-20 brt kr. 1.876 pr./mán.

21-100 brt kr. 4.221 pr./mán.

101-200 brt kr. 5.510 pr./mán.

> 201 brt kr. 12.897 pr./mán.

Sorpeyðing fyrir einstaka losun kr. 5.862 hvert skipti.

Fristundabátar eru undanþegnir gjaldinu skv. 13. gr.

## 15. gr.

*Úrgangs- og förgunargjald.*

Skipstjóri eða eigandi skips sem óskar eftir að láta á land sorp, farmleifar, olíuleifar eða mengandi efni skal óska eftir aðstoð viðurkennds þjónustuaðila, sem höfnin hefur samþykkt að annist móttöku og förgun á ofangreindum úrgangi frá skipum á hafnarsvæði hafnarinnar.

Skipstjóri, eigandi skips eða þjónustuaðili skal undantekningarlaut skila útfylltu eyðublaði til hafnarinnar um magn og tegund þess úrgangs sem skilað er á land.

Skip sem falla utan 11. gr. c. í lögum um varnir gegn mengun hafs og stranda nr. 33/2004 skulu greiða þjónustuaðila kostnað vegna móttöku og förgunar á úrgangi. Annist höfn móttöku og förgun á almennum úrgangi skal gjald greitt fyrir þjónustuna samkvæmt grein þessari fyrir hvern rúmmetra úrgangs. Annist höfnin móttöku á spilliefnum eða sérstökum úrgangi sem hefur í för með sér kostnað umfram förgun á almennu sorpi greiðir viðkomandi aðili þann kostnað sem til fellur.

Vegna skipa sem falla undir 11. gr. c. í lögum um varnir gegn mengun hafs og stranda nr. 33/2004 skulu skip greiða eftirfarandi:

- Úrgangsgjald:* Við komu skips til hafna skal skip greiða 0,74 kr. á brt. Gjald þetta er til þess að standa undir eftirliti og umsýslu hafnar vegna móttöku á sorpi. Lágmarksgjald samkvæmt þessum lið er kr. 5.225 og hámarksgjald kr. 47.000.
- Úrgangsgjald:* Gjald skv. tölulið 1 má lækka ef umhverfisstjórnun, hönnun, búnaður og starfræksla skips er með þeim hætti að skipstjóri geti sýnt fram á að minni úrgangur verði til um borð. Fast gjald verður þá 0,37 kr. á brt. Lágmarksgjald samkvæmt þessum lið er kr. 5.225 og hámarksgjald kr. 23.500.
- Úrgangsgjald:* Skip og bátar sem koma oftar en fjórum sinnum til hafnar á almanaksárinu greiða samkvæmt 2. lið fyrir fimmstu komu og komur eftir það.
- Úrgangsgjald:* Skip og bátar sem eru undir 60 m að lengd, eru ekki hafnsöguskyld og hafa varanlega viðveru í Reykhólahöfn skulu greiða fast mánaðargjald vegna eftirlits og umsýslu hafnar vegna móttöku á sorpi. Mánaðargjaldið skal vera kr. 5.225 á mánuði.
- Förgunargjald:* Óski skipstjóri eða eigandi skips eftir að tekið verði á móti úrgangi frá skipinu skal hann hafa samband við viðurkenndan móttökuaðila skv. ábendingu hafnarinnar eða óska eftir því að höfnin annist móttöku á úrganginum. Lágmarksgjald hafnar fyrir móttöku á úrgangi er kr. 10.500 á hvern rúmmetra og er að lágmarki greitt fyrir einn rúmmetra. Kjósi skipstjóri eða eigandi skips að óska eftir þjónustu viðurkennds aðila þá greiðir hann kostnað við þá þjónustu. Skipstjóri og/eða eigandi skips ber ábyrgð á að útfylltu eyðublaði um magn og tegund sorps sé skilað til hafnarinnar, en misbrestur á því getur leitt til tilkynningar til Umhverfisstofnunar.

6. *Förgunargjald:* Skip sem undanþegin eru gjaldskyldu skv. 1. tl. 2. mgr. 17. gr. hafnalaga skulu eftir sem áður greiða fyrir losun sorps og förgun þess ef óskað er eftir þjónustu hafnar eða viðurkennds móttökuaðila.
7. Skipstjóri eða eigandi skips sem fengið hefur undanþágu frá Umhverfisstofnun um skil á sorpi eða tilkynningum, skal framvísa gildri staðfestingu þess efnis.

16. gr.

*Vatnssala.*

Gjald fyrir vatn afgreitt frá bryggju er miðað við brúttótonnatölum skipa og báta eða innheimt skv. áætluðu magni og er eftirfarandi:

Áætlað magn kr. 235 pr. tonn.  
 0-10 brt kr. 763 pr./mán.  
 11-20 brt kr. 1.524 pr./mán.  
 21-50 brt kr. 2.287 pr./mán  
 51-100 brt kr. 3.049 pr./mán.  
 101-200 brt kr. 3.811 pr./mán.  
 > 200 brt kr. 4.466 pr./mán.

Afgreiðslugjald að degi kr. 3.811.

Afgreiðslugjald á yfirvinnumá kr. 7.620.

17. gr.

*Festargjöld.*

Festargjald við komu 7.973 kr.

Festargjald við brottför 7.973 kr.

18. gr.

*Rafmagn.*

Rafmagnssala til skipa og báta er skv. taxta rafveitu með 10% álagi.

Tengigjald fyrir tengingu í rafmagn er kr. 2.500. Tengigjald hækkar í 25.000 kr. verði tengisnúru ekki skilað til hafnaryfirvalda að notkunartímabili loknu.

19. gr.

*Kranagjald.*

Kranagjald skal greitt skv. eftirfarandi:

- a) Frístundabátar og fley:  
 < 20 híffingar á 4.689 kr. á ári.  
 21-40 híffingar á 9.378 kr. á ári.  
 > 40 híffingar á 14.067 kr. á ári.
- b) Kranagjald smábáta 469 kr. fyrir hvert byrjað tonn.
- c) Kranagjald grásleppubáta 4.103 kr. pr. mán.

20. gr.

*Hafnarverndargjald.*

Gjald vegna hafnarverndar er eftirfarandi:

Fastagjald kr. 32.007.

Öryggisgæsla:

- a) Dagvinna pr. klst. kr. 3.811.
- b) Yfirvinna pr. klst. kr. 7.620.

**III. KAFLI**  
**Um innheimtu og greiðslu hafnargjalda.**

21. gr.

Skrifstofa Reykhólahrepps sér um innheimtu allra hafnargjalda og skal greiða gjöldin á skrifstofu sveitarfélagsins. Á öll gjöld í gjaldskrá þessari leggst 24% VSK að undanskildu farþegagjaldi sbr. 12. gr. og þjónustu við erlend skip. Séu gjöldin ekki greidd á réttum gjalddögum er heimilt að reikna hæstu lögleyfðu dráttarvexti á skuldina.

22. gr.

Skipstjóri og eigandi skips bera ábyrgð á greiðslu gjalda þeirra sem greiða ber til hafnarinnar vegna skipsins. Er skipstjóra skyld að afhenda hafnarstjóra þjóðernis- og skrásetningarskírteini skipsins, ef hafnarstjóri krefst þess, og hefur hafnarsjóður haldsrétt yfir skírteinunum uns gjöld eru greidd. Töf og tjón sem af þessu hlýst er einvörðungu á ábyrgð og kostnað greiðanda áfallinna gjalda. Að svo miklu leyti sem í gjaldskrá þessari eru ekki ákveðnir fastir gjalddagar á gjöldum skal greiða þau áður en skip fer burt úr höfninni og enginn skipstjóri getur vænst þess að fá afgreiðslu fyrir skip sitt hjá sýslumannni eða tollstjóra, nema hann sanni með vottorði frá hafnarstjóra að hann hafi greitt öll gjöld sín til hafnarinnar.

23. gr.

Vörugjald greiðir móttakandi af vörum sem koma til hafnarinnar og sendandi af vörum sem fluttar eru úr höfninni. Ef margir eiga vörur sem fluttar eru með sama skipi skal afgreiðslumaður skipsins standa hafnarsjóði skil á greiðslum. Ef skip hefur ekki farm sinn skráðan ber skipstjóri ábyrgð á greiðslu vörugjaldsins. Ef vörur eru fluttar úr einu skipi í annað greiðir sá vörugjaldið sem affermir. Vörugjald af vörum sem koma til hafnarinnar fellur í gjalddaga þegar skipið sem vörurnar flytur er komið í höfnina og vörugjald af vörum sem fluttar eru úr höfninni fellur í gjalddaga þegar vörurnar eru komnar á skip. Skipstjóra og afgreiðslumanni skips er óheimilt að afhenda vörurnar fyrr en gjaldið er greitt.

Hafnarsjóður hefur haldsrétt í skráningar- og þjóðernisskírteinum skips til tryggingar gjaldinu.

Aflagjald og vörugjald af útflutningi skal auk þess tryggt með veði í útflutningsborgðum þess aðila er skuldar gjöldin.

24. gr.

Öll gjöld samkvæmt þessari gjaldskrá má taka fjárnámi. Skipagjöldin eru tryggð með lögveði í skipinu og gengur það veð í tvö ár fyrir samningsveðskuldum, sbr. ákvæði 21. gr. hafnalaga nr. 61/2003.

**IV. KAFLI**

**Gildistaka.**

25. gr.

Gjaldskrá þessi fyrir Reykhólahöfn er sett með heimild í 17. gr. hafnalaga nr. 61/2003, sbr. 37. gr. reglugerðar um hafnamál nr. 326/2004. Gjaldskráin öðlast þegar gildi. Frá sama tíma fellur brott gjaldskrá sama efnis nr. 230/2015.

*Reykhólahreppi, 14. janúar 2016.*

**Ingibjörg B. Erlingsdóttir** sveitarstjóri.